

Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar



100 ÁRA BARÁTTA

Verkalýðsfélag
Reyðarfjarðar

Efnisyfirlit

Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar	3
Inngangur:	3
25 aurar á tímann	3
Félagið endurreist og gengur í ASÍ	4
Verkakonur á Reyðarfirði stofna félag	4
Orlofshús og skrifstofa	5
Stjórn Verkalýðsfélags Reyðarfjarðar árið 2004:	5

Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar

Inngangur:

Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar er eitt af elstu starfandi verkalýðsfélögum landsins en það er tæplega 100 ára gamalt. Til undirbúningsfundar var boðað milli jóla og nýárs árið 1907. „Að kvöldi þess 29. desember 1907 var fundur haldinn í bindindisfélagshúsinu til að ræða um stofnun verkamannafélags í Reyðarfjarðarhreppi. Á fundinum voru mættir 16 menn“, segir í fyrstu fundargerð félagsins. Á þessum fundi voru lagðar fram tillögur um nafn félagsins og árstíllag. Fimm manna nefnd var kjörin til að semja lög og reglur félagsins.

Verkamenn á Reyðarfirði fóru strax í undirbúningsvinnu og sunnudaginn 19. janúar var stofnfundurinn haldinn.

Fundarstjóri var kjörinn

Guðmundur

Jónsson sem einnig hafði stýrt

undirbúningsfundinum.

Þegar hér var

komið við sögu höfðu fimm menn bæst í hópinn og voru stofnfélagar því alls 21. Fyrstu lög félagsins í 16 greinum voru samþykkt og fyrsta stjórn kjörin. Í henni sátu Sigurjón Gíslason formaður, Eiríkur Beck varaformaður og Guðmundur Jónsson gjaldkeri, en hann skrifaði einnig fundargerðirnar. Endurskoðendur reikninga voru kosnir Hallgrímur Bóasson og Valdimar Þorgrímsson. Stjórn félagsins var falið að semja reglur um sjóð félagsins og samþykkt að meðlimir greiddu fyrsta gjald sitt í félagið á næsta fundi. Verkamannafélag Reyðarfjarðarhrepps var því komið á skrið í stéttabaráttunni og á þriðja fundinum var samþykkt kaupgjaldskrá fyrir félagsmenn.



25 aurar á tímann

Það má sjá á fundargerð frá árinu 1913 að safnast höfðu í sjóði félagsins 120,88 krónur. Þá voru félaginu færðar fimm krónur í áheiti frá félagsmanni.

Í reglum félagsins frá árinu 1914 segir að tilgangur félagsins sé að stuðla að réttindum og hag félagsmanna og árgjald til félagsins skuli vera 1 króna. Í 6. grein félagslaganna er

ákvæði um að enginn félagsmaður megi koma ölvæður til vinnu eða hafa vín um hönd meðan á vinnu stendur. Í næstu grein þar á eftir er ákvæði um að félagsmenn séu skyldir að halda sig vel að vinnu! Á þessum árum voru laun félagsmanna ákveðin 25 aurar á tímann í dagvinnu og 35 aurar í eftirvinnu yfir vetrarmánuðina. Tímalaun á sumrin voru 40 aurar í dagvinnu og 50 aurar í eftirvinnu.

Félagið endurreist og gengur í ASÍ

Starfsemi félagsins lá niðri í nokkur ár en árið 1933 var aftur blásið til sóknar hjá verkamönnum á Reyðarfirði og boðað til fundar þann 1. apríl það ár. Fundurinn var haldinn í Barnaskóla Reyðarfjarðar og var hann fjölmennur eins og tiltekið er í fundargerðabókum frá þeim tíma. Á þeim fundi var lagt til að félagið gengi til liðs við Alþýðusamband Íslands. Félagsmenn voru alls ekki sammála um nauðsyn þess að vera innan ASÍ og einn félagsmaður taldi samtökin „of pólitísk“. Eftir snarpar umræður var samþykkt að sækja um inngöngu í Alþýðusamband Íslands.

Árið eftir á aðalfundi 1934 voru félagsmenn 83 talsins og höfðu 80 af þeim greitt árgjaldið til félagsins. Heildartekjur félagsins voru 423 krónur. Tímalaun í dagvinnu voru komin í 90 aura og 1,10 krónur í eftirvinnu að lágmarki. Hærra var greitt fyrir vinnu við uppskipun og í kola- og saltvinnu. Á þessum fyrsta aðalfundi eftir endurreisn samþykkti félagið áskorun til ASÍ um að samtökin beittu sér fyrir samræmingu



á kjörum vegavinnumanna um landið. Einnig var stofnuð nefnd til að athuga um möguleika á að koma á fót samvinnuútgærð í þorpinu.

Verkakonur á Reyðarfirði stofna félag

Næstu árin starfaði félagið af krafti í kjarabaráttu fyrir félagsmenn sína. Kaupgjald var samræmt við önnur verkamannafélög á Austurlandi árið 1947. Það sama ár voru félagsmenn með gilda samninga og neitaðu þeir að segja upp samningum með ASÍ. Hins vegar samþykkti fundurinn áskorun til ASÍ um að sambandið tæki upp samvinnu við ríkisstjórnina um áframhaldandi nýsköpun atvinnuveganna. Í febrúar árið 1952 var nafni félagsins breytt úr Verkamannafélagi Reyðarfjarðarhrepps í Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar.

Árið 1955 stofnuðu 14 verkakonur á Reyðarfirði sitt félag sem fékk nafnið Verkakvennafélag Reyðarfjarðar. Lára Jónsdóttir var formaður, Anna Sæmundsdóttir ritari og Bergljót Einarsdóttir gjaldkeri. Þessi tvö félög sameinuðust svo árið 1967.

Orlofshús og skrifstofa

Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar á eitt orlofshús að Einarstöðum á Héraði. Félagið á tvær íbúðir í Reykjavík. Önnur var keypt árið 1985 og ganga þeir fyrir varðandi úthlutun sem þurfa að leita lækninga í Reykjavík. Þessi íbúð er við Eiríksgötu, rétt við Landspítala. Hin íbúðin var keypt árið 2000 og er hún í Ofanleiti í Reykjavík.

Félagið rekur eigin skrifstofu að Brekkugötu 9 á Reyðarfirði en félagið reisti það hús árið 1983. Þar er einnig fundarsalur sem notaður er til námskeiðahalds en salurinn er líka leigður út. Á skrifstofunni er einn starfsmaður í hálfu starfi, Siggerður Pétursdóttir.

Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar rekur Orlofssjóð, Sjúkrasjóð og Verkfallsjóð. Félagið er aðili Landsmennt, starfsmenntun Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni, eins og kjarasamningar segja til um.

Starfsmenntunarsjóðurinn hefur mikið verið notaður af félagsmönnum en auk þess hefur félagið fengið styrk til að halda námskeið fyrir félagsmenn sína.

Í dag eru um 170 félagar í Verkalýðsfélagi Reyðarfjarðar og skiptist nokkuð jafnt milli kynja.



Stjórn Verkalýðsfélags Reyðarfjarðar árið 2004:

Lars Olsen formaður, Þorbjörg Beck varaformaður, Sæln Sigurjónsdóttir ritari, Siggerður Pétursdóttir gjaldkeri og Þröstur Bjarnason meðstjórnandi. Í varastjórn eru Aðalheiður Jónsdóttir og Ferdínand Bergsteinsson.